# Tinova Primer Exterior

## Vatnsþynnanlegur trégrunnur




### Efnislýsing

Tinova Primer Exterior er vatnsþynnanlegur, þekjandi alkýð/akrýlgrunnur sem hefur góða viðloðun og smýgur vel inn í viðinn. Hann er ætlaður til notkunar á ómálaðan við en hentar einnig á málaðan við. Tinova Primer Exterior hindrar rakaupptöku í viði.

### Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði).

**Nýmálun**

1. Gegndreypið alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil, sérstaklega gljúpa fleti eins og endatré.
2. Grunnið alla fletina með Tinova Primer Exterior.
3. Málið yfir tvær umferðir með þekjandi vatnsþynnanlegri viðarvörn frá Nordsjö.

**Yfirmálun**

1. Þvoið allan flötinn með Original Målartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Målartvätt. Skolið vel á eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal pússa niður uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Byrjið á að gegndreypa viðinn með Tinova Wood Base Oil BPR. Mikilvægt er að bera vel af henni, blautt í blautt. Síðan er viðurinn grunnaður með Tinova Primer Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með þekjandi vatnsþynnanlegri viðarvörn frá Nordsjö.

**Annað**

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan nokkurra klukkustunda eftir lok verks.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Alkýðþeytulausn
**Snertiþurr:** Við 23°C/50% raka, 2 klst
**Yfirmálun:** Við 23°C/50% raka, 4 klst
**Yfirmálun:** Við 10°C/85% raka, 6 klst
**Hiti við málun:** Minnst +5°C, mest +25°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 4-8 $m^2$/l
**Umbúðir:** 1, 2,5 og 10 lítra dósir
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/d) 130 g/l.): Inniheldur mest 2 g/l

**Umhverfi**
Tinova Primer Exterior uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org

### Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.